

Skólaráðsfundur 1. Júní 2022

Mætt eru: Þórlaug, Anna Rut, Brynhildur og Hildur. Bettý kom 8:30.

1. Lengd viðvera í skólafrístund, vangaveltur um breytingar.
Síðasti hálf tími í skólafrístundinn. Þarf tvo starfsmenn síðustu 45 mínúturnar fyrir 1-4.bekk, en hluti hópsins fer hálf tíma fyrr. Leikskólinn hefur vilja til að stytta daginn til 14:30. Reikna út kostnað og senda bréf til foreldra með þessum forsendum, reynsla, ekki greitt með frá Reykjavíkurborg.
2. Leiktæki á skólalóð, hugmynd að nota basarpeninginn að hluta eða öllu leyti
Nemendur hafa kallað eftir leiktækjum á skólalóð. Oikos, húsanefnd og handahópur fengnir í að skoða málið. Fengið tilboð í Köngulóarklifrugrind fyrir nokkru, kostnaði 2. Miljón plús uppsetning. Samþykkt að nota basarpeninga í leiktæki á lóð.
3. Hækkun skólagjalda fyrir komandi skólaár
Hækkun skólagjalda frá og með næsta skólaári um 2.000kr. Kemur til framkvæmda í haustgreiðslu.
4. Vinnudagurinn
Dræm mæting á vinnudegi en mikil vinnugleði. Gott skipulag gerði daginn betri. Ekki vera með spurningu hvort foreldrar ætli að mæta eða ekki. Ef foreldrar mæta ekki að gefa þeim verkefni. Mikilvægt að foreldrar séu með í að halda anda skólans á vinnudögnum. Gott að taka upp á foreldrafundum.
5. Skólaslit, fatamarkaður ofl.
Skólinn óskar eftir að það sé ekki fatamarkaður á skólaslitum en það væri að taka athyglina af degi nemenda.
6. Helgarþrif
Ósk 20% foreldra er að geta keypt sér helgarþrif frá þrifa þjónustu. Ritari búin að fá tilboð og upplýsa foreldrafélagið um kostnað. Þrír tímar kosta 30.000kr. Heill mánuður frá þrifyrirtæki kostar 500.000.- fyrir öll húsin Foreldrar þurfa að ákveða fyrir haustönn hvort þeir vilji kaupa sig frá þrifum þannig að hægt að skipuleggja aðkeypta þjónustu. Ritari óskar eftir tveim tilboðum, annað í hefðbundna þjónustu og hitt í fyrirtæki sem sér um stakt þrif. Foreldri greiði það sem þrif kostar ef það mætir ekki. Hvernig vill foreldri tengjast staðnum á annan hátt en í gegnum þrifin?
7. Upplýsingagjöf til foreldra
Miðla betur hvað er verið að gera í skólanum og hvað er mikil vinna bakvið tjöldin. Mánaðlegt fréttabréf ásamt því að hvetja kennara til að upplýsa foreldra oft um hvað er verið að vinna að hverju sinni. Umsjónarkennari í 4.-5.bekk er sendir vikuleg bréf sem eru mjög upplýsandi fyrir foreldra. Virkja jafnvel bekkjarfulltrúa til að styðja kennara í upplýsingamiðlun. Öfréttir, upphaf og lok lotu bréf frá fagkennurum og kennurum. Senda út póst vegna skólaslita.

8. Matur

Mikil umræða um matarmál í foreldrahópnum. Mikilvægt að foreldrar fái að koma á framfæri sínar skoðanir. Þórlaug setti saman stutta könnun til að fá fram hugmyndir. Ekki ánægja að með að þurfa útvega nesti. Ósk um að panta mat á þeim dögum. Skipulag sé skýrt varðandi boð um að nemendur koma með nesti.

9. Leigu húsnæði

Komið samningur við skátana í Kópavogs um leigu á skátaheimili. Þarf að skoða húsnæðið.

10. Vinir Waldorf

Hittingur í gær fyrir hollvini Waldorfskólans, buðu aðilum frá samtökum sjálfstæðra skóla og SVP á fundinn. Ætlun að bjóða velvidarmönnum og konum á hittingi og safna þannig fleiri hollvini.

11. Merkja skólagarðana

Setja upp skilti á hvern garð svo foreldrar viti hvaða garð hver bekkur á. Kynning fyrir nýja foreldra. Spurning frá foreldrum að hafa kartöflugarða.

Fundi slitið kl. 21:10.